

## Þjónusturáð

112. fundur þjónusturáðs haldinn í Ráðhúsi Árborgar – Norðursal 10.05.2019. kl. 08.10.

Mættir: María Kristjánsdóttir forstöðumaður skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og formaður þjónusturáðs, Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir deildarstjóri fjölskyldusviðs Sv.f Árborg, Helga Lind Pálsdóttir félagsmálastjóri félags- skólapjónustu Rangárvalla og Vestur-Skaftafelssýslu. Arna Ír Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi kom inn á fundinn undir liðnum fundargerðir fagteymis. Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir ritar fundargerð.

Dagskrá:

**Fundargerðir fagteymis.** Fundargerð nr. 107 samþykkt, fundargerð nr. 108 farið yfir drög að reglum um NPA. Lagt til að biða með staðfestingu á reglunum þar til leiðbeinandi reglur liggja fyrir frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga að öðru leyti er fundargerðin samþykkt. Fundargerð nr. 109 samþykkt, fundargerð nr. 110 settar inn athugasemdir við endurmat á starfsreglum fagteymis að öðru leyti er fundargerðin samþykkt.

**Skýrsla vinnuhóps vegna lengdrar viðveru fyrir framhaldsskólanema lögð fram.** Þjónusturáð þakkar vinnuhópnum fyrir vel unnin störf. Ráðið leggur til að Bergrisinn bs samþykki tillögur er varða vetrarfrístund þar sem lagt er til að starfsemin verði í Ungmennahúsini Pakkhúsið á Selfossi og geri viðeigandi breytingar svo aðgengismál verði í lagi. Koma þarf fyrir lokaðri lyftu milli hæða. Varðandi sumarfrístund telur þjónusturáðið rétt að hún verði áfram á forræði hvers sveitarfélags en jafnframt verði áfram unnið að hugmyndum hvort landfræðilega sé hægt að skipuleggja sumarfrístundina sameiginlega þvert á sveitarfélög.

**Erindi frá Gæða- og eftirlitstofnun um ábendingar um framkvæmd laga.** Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar (GEF) hafa borist nokkrar ábendingar vegna framkvæmdar sveitarfélaga á lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir. Ábendingarnar hafa beinst að því að á skorti að sveitarfélögin fari eftir ákvæðum laganna um málsmæðferð. Lögin kveða m.a. á um að sveitarfélög starfræki teymi fagfólks sem metur heildstætt þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu og hvernig veita megi þjónustu í samræmi við óskir hans. Einnig líuta ábendingarnar að frumkvæðis- og rannsóknarskyldu sveitarfélaga varðandi leiðbeiningar til umsækjenda, úrræðum á biðtíma og annarri þjónustu sem kann að vera í boði, sé ekki unnt að hefja þjónustu innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar.

Samkvæmt 4. gr. laga 38/2018 hefur ráðherra eftirlit með framkvæmd laganna, þar á meðal að þjónusta, starfsemi og rekstur sveitarfélaga sé í samræmi við markmið þeirra, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim. Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar (GEF) hefur verið falið eftirlit með þeim verkefnum og þjónustu á svíði félagsþjónustu sem heyra undir ráðherra. Með vísan til ofangreindis er þess hér með farið á leit við sveitarfélagið að það upplýsi um reglur sem gilda við móttöku og skráningu umsókna, mat á stuðningsþörf og úrræði á biðtíma. Guðlaugu Jónu Hilmarsdóttur falið að svara erindinu.

**Nýr formaður.** María Kristjánsdóttir, forstöðumaður skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings hefur sagt störfum sínum lausum. Þjónusturáð þakkar María gott samstarf og óskar henni velfarnaðar í nýju starfi. Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, deildarstjóri stoð- og stuðningsþjónustu fjölskyldusviðs Árborgar kosinn nýr formaður.

## Tillaga vinnuhóps

**Um frístundaþjónustu fyrir fötluð ungmenni sem stunda nám við Fjölbautaskóla Suðurlands og falla undir lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og eiga lögheimili á þjónustusvæði Bergrisans bs.**

**Niðurstöður vinnuhóps sem skipaður var af Þjónusturáði vegna málefna fatlaðra á Suðurlandi.**

Starfsbraut FSu þjónar nemendum sem búsettir eru víðs vegar á Suðurlandi og falla þeir ekki allir undir lög nr 38/2018. Á vorönn 2019 eru 42 nemendur á starfsbraut. Ekki er víst að allir þeir nemendur sem uppfylla skilyrði til að nýta sér frístundaþjónustuna hafi þörf á að nýta sér hana.

Lagt er til að annars vegar verði boðið upp á vetrarfrístund og hins vegar sumarfrístund. Mælst er til þess að frístundaþjónustan taki til starfa í haust en áfram verði haldið að þróa þjónustuna með þeim sem stýra munu frístundaþjónustunni.

Meginmarkmið frístundaþjónustunnar er að stuðla að virkni og félagslegrí þáttöku ungmenna í frístundum. Þjónusta skal að jafnaði taka mið af metinni stuðningsþörf og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi ungmennis.

### Vetrarfrístund

Sérstaða starfsbrautar er að stundatafla er ekki heildstæð og nemendur eru því ekki með samræmdar stundatöflur. Lagt er til í byrjun að frístund standi til boða þá virka daga sem skóli er frá kl. 13:00 -16:00 en fjölbautaskólinn haldi áfram að sjá um viðveru í eyðum á tímabilinu 8:00- 13:00 fyrir þá nemendur sem þess þurfa. Boðið verði upp á frístundaþjónustu frá kl. 8-16 í skólafríum, s.s. jóla – og páskrafíum. Í lögum er kveðið á um að veita skuli frístundaþjónustu samhliða almennum frístundatilboðum, eins og mögulegt er og því lagt til að starfsemin verði í sama húsnæði og ungmennahúsið Pakkhúsið á Selfossi. Ljóst er að aðgengismál eru ekki í fullkomnu lagi og mikilvægt er að laga það svo allir hafi fullan aðgang að aðstöðunni.


### Sumarfrístund

Skoða þarf hvort landfræðilegur möguleiki sé á að sumarfrístund sé í boði á vegum Bergrisans bs. Sumarið er oft fötluðum ungmennum og fjölskyldum þeirra erfiður tími og því mikilvægt að hægt sé að bjóða upp á heildstæða þjónustu yfir sumarið. Mikilvægt er að samþætta vinnuvirkni- og frístundatilboð sem boðið verði upp á frá því skóla lýkur í byrjun maí og fram í ágúst byrjun frá kl. 8-16 alla virka daga.

***Selfoss 9. apríl 2019***

***Eiríkur Sigmarsson, forstöðubroskaþjálfari frístundaklúbbins Kotið  
Brynhildur Jónsdóttir, forstöðubroskaþjálfari skammtímadvöl Álfstarima 2  
Halla Steinunn Hinriksdóttir, ráðgjafaþroskaþjálfari fjölskyldusviðs Árborgar  
Jóhanna Guðjónsdóttir, svíðsstjóri sérkennslu Fjölbautaskóla Suðurlands***

# Þroskahjálp á Suðurlandi



40 ára  
2014

Selfossi 12. mars 2019

Sveitarfélagið Árborg  
bt. Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir félagsmálastjóri  
Austurvegi 2  
800 Selfoss

**Efni:** Svar við bréfi dags. 25. janúar 2019 varðandi skipan í samráðshóp

Stjórn Þroskahjálpar á Suðurlandi skipar hér með Mörtu E. Hjaltadóttur á Kópsvatni í Hreppum sem fulltrúa í nefndan samráðshóp og Guðmundur Ármann Pétursson í Smiðshúsum á Eyrarbakka sem varamann.

Virðingafyllst

Bjarni Harðarson

Harpa Dís Harðardóttir

Marta Ester Hjaltadóttir

Marta Ester Hjaltadóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

ÁRBORG	
Bnr: 02-70	Mott: A/3 '19
Ábm: G-J. 4	Mnr: 1901263